



# Notkun plöntueiturs til að varna endurvexti á alaskaösp eftir fellingu

Bjarni Diðrik Sigurðsson<sup>1</sup> og Jón Ágúst Jónsson<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Landbúnaðarháskóla Íslands, [bjarni@lbhi.is](mailto:bjarni@lbhi.is); <sup>2</sup> Náttúrustofu Austurlands



1. mynd. Hér má sjá asparröð þar sem annaðhvort tré hafði verið grisjað og Roundup verið borið beint á stubbinn til að koma í veg fyrir endurvöxt. Það hefur stórskemmt aspartré við hliðina vegna rótartengsla. Ljósmynd. BDS 1. júlí 2009.

## Inngangur:

Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að draga úr myndun rótarskota alaskaaspar eftir fellingu.

Algengasta aðferðin er sennilega að hringbarka öspina ári áður en hún er felld til að koma í veg fyrir flutning á sykrum niður í rótina og draga þannig úr möguleikum hennar til rótaskotamyndunar. Þetta er þó ekki óbrigðult því það kemur ekki alveg í veg fyrir flutning sykra til róta og jafnframt af því að aspir geta fengið sykrur frá nálægum trjám með rótartengslum.

Önnur algeng leið er að nota plöntueitur sem borið er á stubbinn í þó nokkrum styrkleika strax eftir fellingu. Þetta getur gefið góða raun, en hefur þó sýnt sig geta einnig stórskemmt eða jafnvel dregið önnur aspartré í næsta nágrenni, sem geta þá fengið eitrið í sig í gegnum áður nefnd rótartengsl (1. myndi).

Því var markmiðið að finna nýja aðferð sem gæfi góðan árangur án þess að skaða tré sem standa í skóginum eftir grisjun.

Aðferðin fólst í því að í stað þess að bera eitur beint á stubbinn í talsverðum styrkleika strax eftir fellingu var beðið með eitrunina í eitt ár, þar til að nýir sprotar tóku að myndast á rótarhálsi asparinnar. Með því að láta laufblöð þeirra taka upp eitrið var styrkleiki þess takmarkaður og þannig dregið úr áhættunni að eitrið bærist til annarra trjáa með rótartengslum.


## Aðferðir:

Tilraun var lögð út í júní 2005. Reynd voru tvö plöntueitur (Roundup og Herbamix) í fjórum mismunandi styrkleikum, alls 8 ólíkar meðferðir auk samanburðar þar sem ekkert var gert. Lögð var út hefðbundin blokkatilraun með fjórum blokkum og 10 felldum öspum í hverri meðferð. Alls voru því 120 felld tré notuð í verkefnið.

Eitrið var borið á með kalkkústi (ein pensilfylling á lauf og sprota). Notaðir voru fjórir styrkleikar: 0,2% (staðalstyrkur), 0,4%, 0,7% og 1,4% af virku efni af Roundup, 0,1% (staðalstyrkur), 0,2%, 0,5% og 1,0% af virku efni af Herbamix.

## Niðurstöður og umræða:

Sú aðferð sem gaf lang besta raun var að nota 1,4% styrk af Herbamix (160 ml í 5 ltr af vatni). Með þessu móti hvarf 90% af öllum endurvexti (2. mynd). Þetta var marktækt besta meðferðin ( $P < 0.001$ ). Þau fáu rótarskot sem lifðu af þessa meðferð voru einnig mun veiklulegri en þau sem lifðu af eftir Roundup. Engin mælanleg neikvæð áhrif urðu af þessari notkun plöntueiturs á nálæg aspartré. Aðferðinni var síðar beitt á um 0,5 ha svæði með mjög góðum árangri.



2. mynd. Dánartala asparstúbba ári eftir eitrun með fjórum styrkleikum af Herbamix eða Roundup.